

15.12.2016

7. mál, lagafrumvarp um Kjararáð  
Frá stjórn Prestafélags Íslands  
Kristján Björnsson, formaður  
s. 856 1592

Ágæta starfsfólk nefndarsviðs Alþings

Má ég biðja ykkur að koma þessu á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd sem hefur málið til meðferðar.

f.h. stjórnar PÍ

Kristján Björnsson, form

Virðulegu alþingmenn

Efnahags- og viðskiptanefnd

Prestafélag Íslands sendi inn umsögn við frumvarp að lögum nr. 7 um Kjararáð þegar frumvarpið var lagt fram í september síðastliðinn. Stjórn Prestafélags Íslands áréttar það sem fram kemur þar í umsögn okkar varðandi stöðu biskupa, prófasta og presta Þjóðkirkjunnar og fer þess eindregið á leit við hið háa Alþingi að ákvæðin um presta, prófasta og biskupa verði ekki höfð í ákvæði til bráðgabirgða heldur í meginefni frumvarpsins. Við viljum áréttta þetta í ljósi þess að forsendurnar sem getið er fyrir bráðabirgðaákvæðinu eru ekki fyrir hendi. Einnig leyfum við okkur að vísa til orða hæstvirts fjármálaráðherra varðandi stöðu presta er hann lagði fram þetta frumvarp. Það er mikilvægt að þessi sjónarmið komi fram núna og óskum við eftir því að fá að koma fyrir nefndina til að skýra málið frekar í ljósi þess að margir nýir þingmenn eru nú að koma að þessu máli.

Það er mjög mikilvægt, ekki í síst vegna hagsmuna Ríkissjóðs, að launaákvæðanir vegna presta, prófasta og biskupa verði teknar af óvilhöllum aðila í ljósi kirkjujarðasamkomulagsins frá 1997 og lögum samkvæmt. Ekki er neitt sem bendir til þess að breyting verði gerð á þeim ákvæðum og því samkomulagi á næstu misserum og því engin ástæða til að halda ákvæðum um presta í ákvæði til bráðabirgða. Verði breyting á samkomulagi Ríkis og Þjóðkirkju um þessi mál í framtíðinni, sem telja má líklegt, verður hægur vandi að færa ákvæðanir um laun presta frá Kjararáði til annars aðila sem úrskurðar þessi laun með sambærilegum hætti í tengslum við Ríkið eða innan stofnana kirkjunnar.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar,

Kristján Björnsson  
formaður PÍ  
s. 856 1592